Nr. 33.
16.
nóvbr.

# Lög

um

## metramæli og vog.

**Vjer Frederik hinn Áttundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Mæli og vog skal af metrakerfi leiða á Íslandi.

Tugakerfi skal ráða í skiptingu mælis og vogar.

2. gr.

Lengd metra og þyngd kílógramms skal jafnt þeirri fyrirmynd mælistærða þessara, sem ákveðin er af allsherjarstofnuninni fyrir mæli og vog í Parísarborg.

3. gr.

Í mæli og vog skal hafa frumeiningar þær og skiptinefni, sem nú skal greina.

Lengdarmál.

Frumeining lengdarmáls er metri.

1 desímetri er $^1/_{10}$ metra.

1 sentímetri er $^1/_{100}$ metra.

1 mílímetri er $^1/_{1000}$ metra.

1 dekametri er 10 metrar.

1 hektómetri er 100 metrar.

1 kílómetri er 1000 metrar.

10 kílómetrar er metramíla.

Flatarmál.

Frumeining flatarmáls er fermetri.

Einn ari er 100 fermetrar.

Einn hektari er 100 arar.

Einn ferkílómetri er 100 hektarar.

Rúmmál.

Frumeining rúmmáls er teningsmetri. Þúsundasti hluti teningsmetra (teningsdesímetri) er lítri.

1 desílítri er $^1/_{10}$ lítra.

1 sentílítri er $^1/_{100}$ lítra.

1 dekalítri er 10 lítrar.

1 hektrólítri er 100 lítrar.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18. September 1891.

# Lov

Nr. 33.
16.
Novbr.

om

## metrisk System for Maal og Vægt.

**Vi Frederik den Ottende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

*Gøre vitterligt:* Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Metersystemet skal være Grundlag for Maal og Vægt i Island.

Inddeling af Maal og Vægt foregaar efter Decimalsystemet.

§ 2.

Meterens Længde og Kilogrammets Vægt er lige med den Normalmeter og det Normalkilogram, som er normeret af det i Paris oprettede internationale Bureau for Maal og Vægt.

§ 3.

For de forskellige Maal og for Vægt gælde følgende Enheder og Benævnelser:

Længdemaal.

Enheden for Længdemaalet er Meteren.

1 Decimeter er $^1/_{10}$ Meter.

1 Centimeter er $^1/_{100}$ Meter.

1 Millimeter er $^1/_{1000}$ Meter.

1 Dekameter er 10 Meter.

1 Hektometer er 100 Meter.

1 Kilometer er 1000 Meter.

10 Kilometer er en Metermil.

Flademaal.

Enheden for Flademaalet er Kvadratmeteren.

En Ar er 100 Kvadratmeter.

En Hektar er 100 Ar.

En Kvadratkilometer er altsaa 100 Hektar.

Rummaal.

Enheden for Rummaalet er Kubikmeteren. Tusindedelen heraf (Kubikdecimeteren) er en Liter.

1 Deciliter er $^1/_{10}$ Liter.

1 Centiliter er $^1/_{100}$ Liter.

1 Dekaliter er 10 Liter.

1 Hektoliter er 100 Liter.

Nr. 33.
16. nóvbr.

Vog.

Frumeining vogar er 1 lítri vatns og nefnist kílógramm.
1 kílógramm er 1000 grömm.
1 desígramm er $^1/_{10}$ úr grammi.
1 sentígramm er $^1/_{100}$ úr grammi.
1 milígramm er $^1/_{1000}$ úr grammi.
1 dekagram er 10 grömm ($^1/_{100}$ úr kílógrammi).
1 hektógramm er 100 grömm ($^1/_{10}$ úr kílógrammi).
1 tonn er 1000 kílógrömm.

Stjórnarráð Íslands getur ákveðið, hver íslenzk heiti megi nota jafnhliða útlendu heitunum og hverjar styttingar skuli hafa til þess að tákna frumeiningar þær og skiptinefni, sem talin eru í þessari lagagrein.

4. gr.

Konungur ákveður tímatakmark, er þó má eigi síðar vera en þrem árum eptir staðfesting laga þessara, en upp frá því skal eingöngu nota metrakerfi í mæli og vog við útreikning á tollgjöldum til landssjóðs og öðrum opinberum gjöldum, sem teljast í vog eða mæli.

Frá sama tíma má nota metramæli og metravog í verzlun og viðskiptum, þegar þeim, er skiptin eiga, kemur saman um það. Að tveim árum liðnum eptir nefnt tímatakmark skal eingöngu nota metramál og metravog; þó getur konungur ákveðið, að vogarlóð og reizlur, er gjörðar eru eptir vogarkerfinu frá 1. desbr. 1865 sje notuð fyrst um sinn; svo má og framvegis nota vogarlóð þau, sem löggilt eru til meðalasölu og viktar dýrindismálma, til þess, er þau eru ætluð. Á því tímabili, þegar nota má metrakerfið jafnhliða núgildandi mæli og vog, skal í hverri þeirri búð eða byrgi, þar er verzlun er rekin í smásölu, vera upphengd eða á annan auðveldan hátt höfð til sýnis kaupendum, tafla, staðfest af stjórnarráðinu, er sýni breytingu mælis og vogar úr einu kerfinu í annað.

Aðfluttar vörur, sem eigi er raskað umbúðum á, má hafa til sölu eptir mæli þeim og vog, sem þær eru seldar eptir í landi því, er þær fluttust frá.

5. gr.

Hlutfallið milli núgildandi mælis og vogar og metramælis og metravogar skal telja svo sem nú skal greina, bæði í opinberum erindum og einstakra manna skiptum:

| | |
|---|---|
| 1 míla á landi | 7.532 kílómetra. |
| 1 sjómíla | 1.855 kílómetra. |
| (1 vika sjávar 7.408 kílómetra) | |
| 1 faðmur | 1.8831 metra. |
| 1 alin | 0.6277 metra. |
| 1 fet | 0.31385 metra. |
| 1 þumlungur | 2.615 sentímetra. |
| 1 lína | 2.18 milímetra. |
| 1 fermíla | 56.7383 ferkílómetra. |
| 1 túndagslátta | 0.31914 hektara. |
| 1 engjateigur (dagslátta) | 0.56736 hektara. |

Vægt.

Enheden for Vægten er Kilogrammet = Vægten af 1 Liter Vand.
1 Kilogram er 1000 Gram.
1 Decigram er $^1/_{10}$ Gram.
1 Centigram er $^1/_{100}$ Gram.
1 Miligram er $^1/_{1000}$ Gram.
1 Dekagram er 10 Gram ($^1/_{100}$ Kilogram).
1 Hektogram er 100 Gram ($^1/_{10}$ Kilogram).
1 Ton = 1000 Kilogram.

Det kan af Islands Ministerium fastsættes, hvilke islandske Benævnelser, der kan anvendes jævnsides de udenlandske, og hvilke forkortede Betegnelser, der bliver at anvende for de i denne Paragraf omhandlede Enheder og Benævnelser.

§ 4.

Fra det Tidspunkt, som Kongen nærmere fastsætter, dog ikke senere end 3 Aar, efter at nærværende Lov er udkommen, skal metrisk Maal og Vægt udelukkende benyttes ved al Beregning af Told til Landskassen og andre offentlige Afgifter, som beregnes efter Maal og Vægt.

Fra samme Tidspunkt skal i Handel og Vandel, naar Parterne derom ere enige, Anvendelse af metriske Maale- og Vejeredskaber være tilladt. Fra Toaarsdagen efter fornævnte Tidspunkt bliver metrisk Maal og Vægt udelukkende at anvende; dog forbeholdes det Kongen at bestemme, at de til Vægtsystemet af 1. December 1865 hørende Vægtlodder og de efter dette System indrettede Bismere fremdeles indtil videre kunne anvendes, ligesom de til Medicinalhandelen og til Vægt for ædle Metaller justerede Vægtlodder fremdeles kunne benyttes efter deres Bestemmelse. I Lokaler, hvor der drives Detail-Handel, skal der i det Tidsrum, da det metriske System kan anvendes sideordnet med det hidtil gældende System for Maal og Vægt, være ophængt eller paa anden Maade anbragt en for Køberne let tilgængelig, af Ministeriet autoriseret Tabel, som angiver Omsætningstallene mellem de to Systemer.

Fremmede Varer i original Pakning eller Tildannelse kunne udbydes til Salg efter vedkommende fremmede Maal og Vægt.

§ 5.

Forholdet mellem nugældende Maal og Vægt og metrisk Maal og Vægt bliver i alle offentlige og private Forhold at beregne saaledes:

| | |
|---|---|
| 1 Mil (paa Land) | 7,532 Kilometer. |
| 1 Sømil | 1,852 — |
| 1 islandsk Sømil | 7,408 Kilometer. |
| 1 Favn | 1,8831 Meter. |
| 1 Alen | 0,6277 — |
| 1 Fod | 0,31385 — |
| 1 Tomme (Duodecimaltomme) | 2,615 Centimeter. |
| 1 Linie (Duodecimallinie) | 2,18 Millimeter. |
| 1 Kvadratmil | 56,7383 Kvadratkilometer. |
| 1 Tundagslæt (900 Kvadratfavne) | 0,31914 Hektar. |
| 1 Engdagslæt (1600 — ) | 0,56736 — |

Nr. 33.
16.
nóvbr.

| | |
|---|---|
| 1 ferfaðmur........................ | 3.546 fermetra. |
| 1 feralin.......................... | 0.394 fermetra. |
| 1 ferfet.......................... | 0.0985 fermetra. |
| 1 ferþumlungur................... | 6.84 fersentímetra. |
| 1 teningsfet...................... | 0.030916 teningsmetra. |
| 1 brennifaðmur (72 teningsfet)..... | 2.226 teningsmetra. |
| 1 pottur ($^1/_{32}$ teningsfet)........... | 0.9661 lítra. |
| 1 almenn tunna (lýsistunna 120 pottar) | 1.1593 hektólítra. |
| 1 öltunna (136 pottar)............ | 1.3139 hektólítra. |
| 1 korntunna (144 pottar).......... | 1.3912 hektólítra. |
| 1 kornskeppa..................... | 17.39 lítra. |
| 1 anker (39 pottar)............... | 37.68 lítra. |
| 1 skippund....................... | 160 kílógrömm. |
| 1 pund.......................... | 0.5 kílógrömm. |
| 1 tunna smjörs (224 pund)......... | 112 kílógrömm. |

Þegar reiknað er aðflutningsgjald og útflutningsgjald skal þó, ef ekki er öðruvísi ákveðið í sjerstökum lögum, telja 1 pott sama sem 1 lítra.

Stjórnarráð Íslands getur, ef þörf gjörist, sett nánari ákvarðanir um hlutföllin milli metrakerfis og núgildandi mælis og vogar, þar á meðal um styttan tugabrotareikning við útreikning annara opinberra gjalda.

6. gr.

Brot á móti næstsíðustu málsgrein 4. greinar varða sektum til landssjóðs frá 5—50 kr., og skulu mál út af þeim brotum rekin sem opinber lögreglumál.

§ 7.

Eldri lagaákvæði um mæli og vog, sem koma í bága við þessi lög, eru úr gildi felld jafnóðum og lög þessi koma til framkvæmda samkvæmt 4. gr.

Tilsk. 25. júní 1869 um mæling skipa og önnur lagaákvæði um það efni skulu þó óhögguð standa.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 16. nóvember 1907.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Frederik R.***

(L. S.)

***H. Hafstein.***

| | |
|---|---|
| 1 Kvadratfavn | 3,546 Kvadratmeter. |
| 1 Kvadratalen | 0,394 — |
| 1 Kvadratfod | 0,0985 — |
| 1 Kvadrattomme | 6,84 Kvadratcentimeter. |
| 1 Kubikfod | 0,030916 Kubikmeter. |
| 1 Favn Brænde (72 Kubikfod) | 2,226 — |
| 1 Pot ($^1/_{32}$ Kubikfod) | 0,9661 Liter. |
| 1 almindelig Tønde (Trantønde) (120 Potter) | 1,1593 Hektoliter. |
| 1 Øltønde (136 Potter) | 1,3139 — |
| 1 Korntønde (144 Potter) | 1,3912 — |
| 1 Kornskæppe | 17,39 Liter. |
| 1 Anker (39 Potter) | 37,68 — |
| 1 Skippund | 160 Kilogram. |
| 1 Pund | 0,5 — |
| 1 Tønde Smør (224 Pund) | 112 — |

Ved Beregningen af Indførselstold og Udførselsafgift bliver dog, for saa vidt ikke anderledes fastsættes ved særlig Lov, 1 Pot at regne for en Liter.

Yderligere Bestemmelser om Forholdet mellem nugældende Maal og Vægt og metrisk Maal og Vægt eller omvendt, derunder om forkortet Decimalberegning ved Beregningen af andre offentlige Afgifter, kan, om saadant findes fornødent, fastsættes af Islands Ministerium.

§ 6.

Overtrædelse af denne Lovs § 4, næstsidste Stykke, straffes med Bøder til Landskassen fra 5 til 50 Kroner. — Sagerne behandles som offentlige Politisager.

§ 7.

Alle tidligere Love og Anordninger om Maal og Vægt, der stride imod denne Lov, ophæves saa snart og for saa vidt denne Lov i Overensstemmelse med § 4 træder i Kraft.

Forordningen angaaende Skibes Maaling af 25. Juni 1869 med dertil hørende senere Bestemmelser forbliver dog uberørt af nærværende Lov.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 16. November 1907.**

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

***Frederik R.***

(L. S.)

***H. Hafstein.***

---

**Islands Ministerium, den 16. November 1907.**

***H. Hafstein.***

*Ólafur Halldórsson.*